

Lokaskýrsla innra mats og umbótastarfs

Hólabrekkuskóli
2025 - 2026

Unnið af:

Fagmennskuteymi Hólabrekkuskóla



1. Inngangur

Innra mat skólans er liður í lögbundinni skyldu hans til að tryggja markvissa og kerfisbundna þróun skólastarfs. Markmið innra mats er að afla áreiðanlegra gagna um starfshætti, árangur og líðan, greina skyldleika og tækifæri til umbóta og leggja grundvöll að markvissri umbótaáætlun.

2. Langtímaáætlun innra mats

Skólinn starfar samkvæmt langtímaáætlun innra mats sem nær yfir þriggja til fimm ára tímabil. Áætlunin kveður á um skipulega yfirferð allra meginþátta skólastarfsins, þannig að tryggt sé að allir matsþættir séu metnir með reglubundnum hætti.

Á skólaárinu var unnið samkvæmt áætluninni og lögð sérstök áhersla á þá matsþætti sem fyrirfram höfðu verið skilgreindir fyrir viðkomandi skólaár. Með þessum hætti er stuðlað að samfellu, yfirsýn og markvissri framvindu umbótastarfs.

Hólabrekkuskóli				
Innra mat - langtímaáætlun				
Skólaárið	2025 - 2026	2026 - 2027	2027 - 2028	2028 - 2029
Gæði kennslu	X			
Námsárangur og námsmat	X			
Foreldrasamstarf	X			
Tengsl við nærsamfélagið og aðra	X			
Rödd nemenda		X		
Manauðsstjórnun		X		
Skipulag skólastarfsins		X		
Lærdómssamfélag og fagmennska		X		
Rödd nemenda			X	
Innra mat og umbætur			X	
Inntak náms og námskrár				X
Skipulag skólastarfsins				X
Stefna og framtíðarsýn				X

3. Matsþættir skólaársins

Á grundvelli langtímaáætlunar voru neðangreindir matsþættir teknir til formlegs mats á skólaárinu. Við val matsþátta var horft til stefnu skólans og fyrri niðurstaðna innra og ytra mats, sem og áherslna stjórnvalda. Markmiðið var að beina sjónum að lykilþáttum sem hafa bein áhrif á gæði náms, kennslu og velferð.

Foreldrasamstarf

Aðgengi að
upplýsingum um
skólastarf

Jákvæð tengsl
stjórnenda við foreldra

Upplýsingamiðlun
frá skóla

Samstarf við foreldra
um skólann sem heild

Samstarf heimilis og
skóla almennt

Virk þátttaka foreldra
og skólaráðs

Samskipti heimilis og
skóla sem styrkja nám
og vellíðan nemenda

Samstarf milli heimilis og
skóla um einstaka bekki
eða hópa

Tengsl við nærsamfélagið og aðra

Áhrif
grenndarsamfélags á
stefnumótun

Jákvæð ímynd
skólans í samfélaginu

Samskipti við önnur
skólastig og
grenndarsamfélagið

Gæði kennslu

Skipulag og nýting tíma
í kennslustundum

Skipulag og
námsumhverfi

Endurgjöf og
bekkjarstjórnun

Samvinna nemenda

Inngildandi menntun

Námsaðlögun

Fjölbreyttir og einstaklings-
bundnir kennsluhættir

Námsárangur og námsmat

Eftirlit með árangri og viðbrögð við þörfum

Vaxtarhugarfar og væntingar nemenda

Námsárangur

Fjölbreytt og lýsandi leiðsagnarmat

Stuðningur til að ná hámarks árangri

Framfarir allra nemenda

4. Matsleiðir og val matstækja

Við matið var beitt fjölbreyttum og viðurkenndum matsleiðum til að tryggja breiða og áreiðanlega gagnaöflun. Val matstækja tók mið af eðli matsþátta og þeim hópum sem hlut eiga að máli.

Við úrvinnslu gagna var stuðst við bæði eigindlegar og megindlegar aðferðir. Leitast var við að samþætta niðurstöður ólíkra gagnaheimilda til að fá heildstæða mynd af stöðu matsþátta.

Notuð voru eftirfarandi matstæki:

Könnun til kennara - úr Meta Geta kerfinu

Könnun til foreldra - úr Meta Geta kerfinu

SVÓT greining starfsfólks - unnin á starfsmannafundum

Niðurstöður úr foreldrakönnun Reykjavíkurborgar

Niðurstöður úr stofnun ársins

Umræður og tillögur frá Réttindaráði skólans (skipað nemendum úr 1. - 10. bekk).

5. Framkvæmd matsins

Ábyrgð á framkvæmd innra mats var í höndum fagmennskuteymis skólans, skipuðu 2 stjórnendum, tveimur kennurum og þroskaþjálfra.

Á skólaárinu voru haldnir 8 formlegir fundir fagmennskuteymis þar sem unnið var að undirbúningi, gagnaöflun, greiningu og mótun umbóta. Einnig sat fagmennskuteymið vinnusmiðju hjá Skóla- og frístundasviði. Gagnaöflun fór fram á tímabilinu október 2025 – maí 2026 og var þátttaka eftirfarandi hópa tryggð:

Foreldra – tvær kannanir

Kennara – 2 kannanir og SVÓt greining

Nemenda – fulltrúar í réttindaráði (1. – 10. bekk), umræður og hugmyndir til að bæta skólastarfið.

Við framkvæmd var lögð áhersla á fagleg vinnubrögð, trúnað og vandaða skráningu upplýsinga.

6. Helstu niðurstöður – kannanir

Niðurstöður SVÓT greiningar starfsfólks:



Stofnun ársins 2025 – niðurstöður:

Helstu niðurstöður - Fimm hæstu og lægstu einkunnir

Hólabrekkuskóli

Hæstu 5




Ég get farið úr vinnu með litlum fyrirvara til að sinna aðkallandi erindum í einkalífi mínu (t.d. veikindum barna, maka eða öðrum mikilvægum erindum).	4,51
Ertu ánægð(ur)(t) eða óánægð(ur)(t) með þann sveigjanleika sem þú hefur í vinnunni?	4,50
Á mínum starfsstað/vinnustað er skýr stefna um jafnrétti kynja.	4,45
Á mínum starfsstað/vinnustað er lögð áhersla á jafnrétti kynja.	4,43
Á mínum starfsstað/vinnustað finnst mér starfsfólk fá sömu tækifæri til starfsframa, óháð kyni.	4,42

Lægstu 5




Ánægja með loftgæði.	2,67
Ánægja með hljóðvist (ánægja eða óánægja þín með hljóði í rýminu).	2,75
Ánægja með lýsingu.	3,11
Telur þú vinnuveitanda þinn greiða þér betri, svipuð eða verri laun en þú gætir fengið á öðrum vinnustöðum fyrir sambærilegt starf og vinnutíma?	3,13
Ánægja með vinnu- eða skrifstofurými.	3,48

Athugið að hér er eingöngu um að ræða spurningar sem eru hluti af þáttunum sem tilheyra Stofnun ársins. Aðrar spurningar geta því verið með hærri eða lægri einkunnir.




Stofnun ársins 2025:





Foreldrakönnun Reykjavíkurborgar – nám og kennsla:




Foreldrakönnun Reykjavíkurborgar – líðan:



Foreldrakönnun Reykjavíkurborgar – samstarf og stjórnun :



Meta Geta kerfið – kannanir til foreldra og kennara



Fjöldi metna lykklátara

5.0

Fjöldi útsendinga

2.0

Fjöldi matshópa

2

Fjöldi spurninga

38.0

Endurgjöf og bekkjarstjórnun

3.93

Foreldrar

-

3.93

Starfsfólk

-

3.93

Nemendur

-

3.93

Aðrir

-

3.93

2. stig

Starfslið skólans - Könnun

Eg fylgist reglulega með því hvernig bekkjarstjórn min hefur áhrif á nemendur mínar.

Heildarstig | 4.16

Eg tel kennslustundir minnar styðja við góðar námsáðstæður fyrir alla nemendur.

Heildarstig | 3.68

Eg upplifi að bekkjarstjórn min sé samgöml og stuðli að góðum bekkjaranda.

Heildarstig | 4.16

Eg upplifi að kennslustundir minnar séu vel skipulagðar og að nemendur séu virkir þátttakendur.

Heildarstig | 3.92

Samvinna nemenda

3.87

Foreldrar

-

3.87

Starfsfólk

-

3.87

Nemendur

-

3.87

Aðrir

-

3.87

2. stig

Starfslið skólans - Könnun

„Skipulag náms gerir ráð fyrir aðstæðum til samvinnu nemenda í námi.“

Heildarstig | 4.00

Eg fylgi eftir og veiti nemendum reglulega endurgjöf á hvernig þeir vinna saman í hópum.

Heildarstig | 4.00

Eg skipulegg kennslu þannig að hún styðji við vika samvinnu nemenda og hvetji þá til að vinna saman.

Heildarstig | 3.84

Kennslan sem ég veiti styður við skjálstaði nemenda í hópavinnu og gefur þeim tækifæri til að þróa leðfögahæfni sín.

Heildarstig | 3.72

Nemendur í kennslustundum mínum vinna oft saman að verkefnum sem þjálfa þá í að deila hugmyndum og leysa vandamál í samhengi.

Heildarstig | 3.80

Skipulag og nýting tíma í kennslustundum

3.85

Foreldrar

-

2.96

Starfsfólk

-

4.12

Nemendur

-

4.12

Aðrir

-

4.12

2. stig

Starfslið skólans - Könnun

Eg endurskoða reglulega skipulag kennslustunda til að tryggja að þær séu sem skilvirkastar.

Heildarstig | 4.40

Eg nýti kennslutímann þannig að nemendur hafi næg tækifæri til að vinna að sínum verkefnum og viðfangsefnum.

Heildarstig | 4.04

Eg skipulegg kennsluna þannig að hún taki mið af mismunandi áhugasviðum nemenda (til dæmis með því að tengja námsmál við áhugamál þeirra eða reynslu).

Heildarstig | 3.60

Eg skipulegg kennslustundir þannig að nemendur hafi góðan tíma til að vinna skjálstaði að verkefnum sínum.

Heildarstig | 4.04

Eg undirby kennslustundir mínar með skirru skipulagi og markvissum hætti.

Heildarstig | 4.20

Foreldrar - Könnun

Barnið mitt lýsir skipulögðum kennslustundum með skýrri markmið.

Heildarstig | 3.02

Foreldrar - Könnun

Finnst þér skólinn nota nýstárlegar aðferðir til að auðvelda nemendum að skilja flókin viðfangsefni?

Heildarstig | 3.37

Finnst þér skólinn nota nýstárlegar aðferðir til að auðvelda nemendum að skilja flókin viðfangsefni?

Heildarstig | 3.33

Finnst þér að skólinn bjóði upp á ferðir, verkefni og aðra námsmöguleika sem vekja áhuga barnsins þíns?

Heildarstig | 3.57

Námsaðlögun

3.82

Foreldrar

-

3.87

Starfsfólk

-

3.87

Nemendur

-

3.87

Aðrir

-

3.87

2. stig

Starfslið skólans - Könnun

„Í skipulagi kennara kemur fram hvernig námsaðlögun er háttað.“

Heildarstig | 3.00

Eg fylgist með árangri námsaðlögunar og geri breytingar eftir þörfum til að bæta nám nemenda.

Heildarstig | 4.08

Eg ráðfæri mig við aðra kennara eða sérfræðinga þegar ég þarf að skipuleggja námsaðlögun fyrir nemanda.

Heildarstig | 4.28

Eg skipulegg námsaðlögun með hliðsjón af einstaklingsmiðuðum námsmarkmiðum nemenda.

Heildarstig | 3.84

Eg tek tillit til mismunandi hraða nemenda í námi með því að leyfa þeim að vinna á sínum eigin hraða í sumum verkefnum.

Heildarstig | 4.12

Fjölbreyttir og einstaklingsbundnir kennsluhættir

3.67

Foreldrar

-

3.27

Starfsfólk

-

3.85

Nemendur

-

3.85

Aðrir

-

3.85

2. stig

Starfslið skólans - Könnun

„Kennsluhættir eru fjölbreyttir og sniðnir að eðli námssviða, markmiðum náms og margbreytilegum þörfum allra nemenda.“

Heildarstig | 3.92

Hópavinna er stór partur af kennslunni hjá mér.

Heildarstig | 3.50

Eg legg mig fram við að gera kennsluna áhugasverða fyrir nemendur með því að nota fjölbreyttar kennsluaðferðir.

Heildarstig | 4.20

Eg nota leikrænar aðferðir eða hagnýtt nám (til dæmis vettvangsferðir, tilraunir eða leiki) til að gera námið fjölbreyttara og áhugasverðara fyrir nemendur.

Heildarstig | 3.64

Eg nota oftara en ekki fjölbreytt kennslugögn (til dæmis bækur, myndbönd, leikföng, tölvur, eða hljóðefni) til að koma námsföfnu til skila.

Heildarstig | 4.16

Eg upplifi að nemendur mínir séu áhugasamir í kennslustundum mínum.

Heildarstig | 3.64

6. Helstu niðurstöður – yfirlit

Niðurstöður matsins sýna að skólastarfið einkennist af eftirfarandi styrkleikum:

- foreldrar telja að börnin þeirra nái framförum í námi sínu.
- nemendum líður almennt vel í skólanum og upplifa öryggi.
- nemendum er mætt með trausti og sanngirni af kennurum.
- starfsfólk lítur á fjölmenningu sem styrkleika skólans.
- ímynd skólans er á uppleið í könnunum.
- foreldrar eru í heild ánægðir með upplýsingaflæði og almenna stjórnun skólans.

Jafnframt komu fram tækifæri til umbóta á eftirfarandi sviðum:

- skýrleika í stefnum og verkferlum.
- hraðari vinnsla varðandi einelti og stríðni (foreldrakönnun).
- húsnæðismál.
- skilvirkni kennslustunda og fjölbreyttra kennsluhátta.
- hugmyndir foreldra og athugasemdir.
- betri nýting á styrkleikum starfsfólks.
- kennsluskipulag í unglingadeild.
- hugmyndir frá Réttindaráði til að gera skólann enn betri.

Greining gagna bendir til þess að sérstaklega sé mikilvægt að beina athygli að því að skrifa niður stefnur og skerpa á skýrleika verkferla innan skólans. Sú endurskoðun snertir á mörgum umbótaþáttum hér að ofan. Einnig er mikilvægt að skoða ferla vegna eineltismála og stríðni til að bæta snemmtæka íhlutun í þeim efnum. Nánar má lesa um umbótaþætti í aðgerða- og umbótaáætlun hér á eftir.



Aðgerða- og umbótaáætlun 2026 – 2027

Umbótaáætlun er áætlun sem byggir meðal annars á niðurstöðum innra mats og lýsir þeim aðgerðum sem skólinn hyggst ráðst í til að efla gæði skólstarfs. Í áætluninni eru skilgreind markmið, forgangsröðun, ábyrgðaraðilar, tímasetningar og viðmið um árangur.

Umbótaáætlun tryggir að niðurstöður mats leiði til markvissra aðgerða og að umbótastarf sé kerfisbundið, rekjanlegt og í samræmi við stefnu og gæðaviðmið skólans. Hún er jafnframt grundvöllur eftirfylgni og reglulegrar endurskoðunar á framvindu og árangri.

1. Umbótamarkmið

Umbótamarkmið/umbótapættir lýsa þeirri þróun eða breytingu sem stefnt er að á grundvelli niðurstaðna innra mats. Markmiðin skulu byggja á greiningu gagna og endurspegla þau svið skólstarfsins sem talið er mikilvægt að efla eða þróa frekar.

Markmið skulu vera skýr, raunhæf og mælanleg eftir því sem kostur er og tengjast stefnu skólans, áherslum skólasamfélagsins og þeim gæðaviðmiðum sem liggja til grundvallar innra mati.

Fyrir hverja aðgerð eða umbótamarkmið skulu skilgreind viðmið sem gera kleift að meta hvort tilætluðum árangri hafi verið náð. Viðmiðin geta verið bæði meginleg og eigindleg og skulu byggja á áreiðanlegum gögnum. Umbótastarf krefst reglulegrar eftirfylgni og endurmats og skal framvinda skoðuð með reglubundnum hætti.

Skýr ábyrgð er forsenda árangurríks umbótastarfs. Tilgreins skal ábyrgðaraðila fyrir hverja aðgerð, sem hefur umsjón með framkvæmd, samræmingu og eftirfylgni aðgerðar. Ábyrgðaraðili er mikilvægur til að stuðla að framvindu og rekjanleika umbótastarfsins.

2. Aðgerða - og umbótaáætlun 2026 - 2027

- Skýrleiki í stefnum og verkferlum

Markmið	Tími og framkvæmd	Ábyrgð	Viðmið um árangur
Allar stefnur og verkferlar eru skýrar og auðskiljanlegar.	Vinna hófst í maí 2026 og verður lokið í janúar 2027. Allir verkferlar yfirfarnir og stefnur skráðar og yfirfarnar.	Stjórnendur Hólabrekkuskóla	Stefnur og verkferlar endurskoðuð, skýr, aðgengileg og auðskiljanleg.

- Hraðari vinnsla á málum tengdum einelti og stríðni

Markmið	Tími og framkvæmd	Ábyrgð	Viðmið um árangur
Að eineltismál og stríðni sé sett í ferli við fyrsta tækifæri og ferlar séu skýrir. Samvinna við foreldra og gott upplýsingaflæði.	Vinna hefst í ágúst 2026 og verður lokið í júní 2027. Verkferlar yfirfarnir og mál sett í forgang.	Stjórnendur Hólabrekkuskóla Náms- og starfsráðgjafi Kennarar	Eineltismál komist fljótt í rétt ferli og séu unnin í samráði við foreldra. Skýrir verkferlar.

• Húsnæðismál (loftgæði o.fl.)

Markmið Að skólahúsnæði sé heilnæmt, loftgæði góð og aðstaða nemenda og kennara til fyrirmyndar.	Tími og framkvæmd Vinna hófst í júní 2023 og verður lokið árið 2031 Verkpættir boðnir út til verktaka.	Ábyrgð Reykjavíkurborg Skóla- og frístundasvið Stjórnendur Hólabrekkuskóla	Viðmið um árangur Skólahúsnæði endurnýjað og hugað vel að loftgæðum, vinnuaðstöðu og líðan fólks í húsinu.
--	---	--	--

• Skilvikni kennslustunda og fjölbreyttir kennsluhættir

Markmið Að unnið sé samkvæmt aðferðum leiðsagnarnáms í allri kennslu og nýttar séu fjölbreyttar leiðir til verkefnskila og verkefnavinnu.	Tími og framkvæmd Vinna hefst með námskeiði í leiðsagnarnámi fyrir alla kennara sem stendur frá 17. ágúst 2026 - loka maí 2027.	Ábyrgð Edda G. Kjartansdóttir Stjórnendur Hólabrekkuskóla Fagmennskuteymi Hólabrekkuskóla	Viðmið um árangur Kennarar læri aðferðir leiðsagnarnáms. Kennsla í skólanum einkennis af aðferðum leiðsagnarnáms og fjölbreyttrar verkefnavinnu.
---	---	---	--

- Hugmyndir og athugasemdir frá foreldrum

Markmið Foreldrar upplifa að hlustað sé á þá og óskað eftir hugmyndum þeirra og athugasemdum. Unnið sé með þær á virkan hátt.	Tími og framkvæmd Settur upp hugmyndakassi fyrir foreldra haust 2026. Boðið upp á viðburðinn „10 Dropar“ í hverjum mánuði, ásamt „Opinn skóli“ mánaðarlega.	Ábyrgð Stjórnendur Hólabrekkuskóla Starfsfólk Hólabrekkuskóla	Viðmið um árangur Settir upp kassar fyrir hugmyndir og athugasemdir frá foreldrum nemenda í Hólabrekkuskóla. Lesið og unnið með þær 1x í mánuði á fundum hjá fagmennskuteymi.
---	---	--	---

- Styrkleikar starfsfólks betur nýttir í öllu starfi

Markmið Að styrkleikar starfsfólks fái notið sín í kennslu og skipulagi skólastarfs	Tími Hófst í mars 2026 - vors 2027. Spurningalisti sendur til starfsfólks í febrúar, mið af honum við stundatöflugerð	Ábyrgð Stjórnendur Hólabrekkuskóla Fagmennskuteymi Hólabrekkuskóla	Viðmið um árangur Starfsfólk fái að nota styrkleika sína við kennslu og tekið sé tillit til fagþekkingar þeirra og kunáttu í öllu skólastarfi.
---	--	---	--

• Kennsluskipulag í unglingadeild

Markmið Kennsla í unglingadeild byggja á sterkum faglegum grunni og verklag sé samræmt milli árganga og hópa.	Tími Hófst í mars 2026 - vors 2027. Fundir og samtal á skólaárinu til að samræma vinnubrögð og verklag. Tekið mið af við stundatöflugerð.	Ábyrgð Stjórnendur Hólabrekksukóla Fagmennskuteymi Hólabrekksukóla	Viðmið um árangur Að vinna að endurskoðun á kennsluskipulagi í unglingadeild. Verklag sé samræmt milli árganga og hópa.
---	--	---	---

Hugmyndir Réttindaráðs nemenda

Réttindaráð Hólabrekksukóla, skipað nemendum frá 1. - 10. bekk, skilaði inn hugmyndum til stjórnenda til að gera góðan skóla enn betri/skemmtilegri. Ákveðið var að koma þeirra hugmyndum í framkvæmd skólaárið 2026 - 2027. Hugmyndirnar eru eftirfarandi með tímasetningum á framkvæmd þeirra:

- ☐ Setja gáðinur í Sjónarhól.
5/7/2026 til 5/11/2026
- ☐ Setja upp læsta skápa fyrir nemendur á elsta stigi.
5/11/2026 til 8/10/2026
- ☐ Minna salt í matinn
5/22/2026 til 5/22/2026
- ☐ Litrikara og hlýlegra umhverfi, sérstaklega í Sjónarhóli
6/1/2026 til 9/1/2026
- ☐ Fjölga vettvangsferðum
6/18/2026 til 6/24/2027
- ☐ Klukkur í skólanum, bæði hefðbundnar og stafrænar
8/10/2026 til 1/8/2027
- ☐ Óskir um að hafa oftari grjósnagrat (jafnvel fjólubláan)
8/24/2026 til 6/8/2027
- ☐ Danspartý í frímínútum
8/24/2026 til 6/8/2027
- ☐ Náttfata- og kósýdagur einu sinni á önn
8/24/2026 til 6/8/2027
- ☐ Vinabekkir þar sem bekkir vinna saman og gera eitthvað skemmtilegt saman
8/24/2026 til 6/24/2027
- ☐ Skákbörð í stofur (ósk frá 2. bekk)
8/24/2026 til 9/15/2026
- ☐ Fleiri bækur, sérstaklega Sýrpu-bækur
8/24/2026 til 1/8/2027
- ☐ Hinsegin fræðsla
8/24/2026 til 6/10/2027
- ☐ Dömbindi og túrtappar á klósettum
8/24/2026 til 6/10/2027
- ☐ Hafa ávexti og morgunkorn með hafragratnum þar sem að það eru ekki allir nemendur sem borða hafragr
8/24/2026 til 6/10/2027

3. Samantekt og áframhaldandi þróun

Innra mat skólaársins 2025 – 2026 hefur veitt mikilvæga innsýn í starfsemi skólans og styrkt faglegan grundvöll ákvarðanatöku. Með markvissri gagnaöflun og greiningu hefur skapast traustur grundvöllur fyrir áframhaldandi þróun og umbótum.

Skólinn mun áfram vinna samkvæmt langtímaáætlun innra mats og tryggja að niðurstöður matsins séu virkt verkfæri í daglegu starfi, stefnumótun og gæðastjórnun.

Skýrsla unnin 19. júní 2026

Fagmennskuteymi Hólabrekkuskóla

Aðalheiður Lilja Hlynsdóttir
Guðbjörg Kristín Grönvold
Guðbjörg Oddsdóttir
Lovísa Guðrún Ólafsdóttir
Þóra Mjöll Jensdóttir